

Ferill ökunáms til B-réttinda (almenn ökuréttindi)

Hefja má ökunám við 16 ára aldur.



Sækja um námsheimild

Nemandi þarf að sækja um námsheimild hjá Sýslumanni. Það er gert með því að fylla út umsókn um ökuskríteini.



Val á ökukennara

Ökuneminn/foreldrar velja sér ökukennara og hafa samband við hann.



Ökuskóli 1

Samhliða verklegum ökutímum tekur neminn Ökuskóla 1. Ljúka þarf Ökuskóla 1 fyrir æfingaakstur.



Verklegt ökunám

Ökuneminn þarf að taka að lágmarki 10 verklega ökutíma fyrir æfingaakstur. Ökukennarinn metur það hvenær nemandinn er tilbúinn fyrir æfingaakstur.

Æfingaakstur með leiðbeinanda. Sótt er um leyfi fyrir æfingaakstur hjá sýslumanni. Leiðbeinendur mega vera fleiri en einn.



Ökuskóli 2

Gott er að taka Ökuskóla 2 þrem til fjórum mánuðum fyrir 17 ára afmælisdaginn.



Verklegt ökunám

Áframhaldandi verklegt nám með ökukennara.



Bóklegt próf

Nemandi pantar bóklegt próf á frumherji.is. Bóklegt próf má taka allt að 2 mánuðum fyrir 17 ára afmælið.



Verklegt ökunám

Áframhaldandi verklegt nám, að lágmarki 15 tímar alls frá upphafi með ökukennaranum.



Verklegt próf

Verklegt próf má taka allt að 2 vikum fyrir 17 ára afmælið. Ökukennarinn metur hvenær þú ert tilbúinn í verklega prófið og hann pantar prófið. Verklega prófið er bæði aksturs- og munnlegt próf.

Bráðabirgðaökuskríteini, gildir í 3 ár. Ef nemandi er punktaaus í 12 mánuði getur hann farið í aksturmat hjá ökukennara.



Akstursmat

Nemandi hefur samband við ökukennara og tekur aksturmat hjá honum.

Fullnaðarökuskríteini. Fullnaðarökuskríteini þarf að endurnýja á 15 ára fresti.